

AUGLÝSING RÍKISSTJÓRA ÍSLANDS

100

19. des.

um bann gegn verðhækkun.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga frá 19. des. 1942 er hér með bannað að selja í heildsölu eða smásölu á landi hér nokkra vöru innlenda eða erlenda við herra verði en lægst var á henni á hverjum stað 18. des. 1942. Bann þetta um hækkun verðlags tekur og til farmgjalds og flutninga á landi, lofti og sjó, viðgerða, smíða, saumaskapar, prentunar og annars slíks.

Ákvæði þessi gilda fyrst um sinn til og með 28. febr. 1943.

Broð á ákvæðum auglýsingar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga 19. des. 1942 og 12. gr. laga nr. 79/1942.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

101

22. des.

um breyting á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942.

um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924,
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hér með, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði:

Af málum þeim, sem samkvæmt ríkisstjóraúrskurði 16. desember 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., heyra undir forsætisráðherra og atvinnumálaráðherra, fer félagsmálaráðherra Jóhann Sæmundsson með alþýðutryggingamál, húsnæðismál og byggingafélög, sveitarstjórnarmál, — þar undir fátækramál og atvinnubótafé, — og önnur félagsmál.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.